


Alþingi
Erindi nr. P 128/147
komudagur 20.11.2002



Alþingi
Hildur Njarðvík
nefndarritari
150 REYKJAVÍK

Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 19. nóvember 2002
Tilvísun: 2002110503 PS/--

Persónuvernd hefur borist bréf yðar, dags. 6. þ.m., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um fjármálafyrirtæki, en eintak af því fylgir bréfinu. Þau ákvæði, sem varða vinnslu persónuupplýsinga, eru einkum:

- a. 6. og 7. tölul. 5. gr. og 41. gr., en í þessum ákvæðum er fjallað um upplýsingar sem umsækjendur um starfsleyfi samkvæmt lögnum og um að eignast virkan hlut í fjármálafyrirtæki þurfa að veita.
- b. 2. mgr. 54. gr., en þar er kveðið á um að í starfsreglum stjórnar fjármálafyrirtækis skuli fjallað um meðferð upplýsinga um einstaka viðskiptamenn.
- c. 58. gr., en þar er kveðið á um þagnarskyldu starfsmanna fjármálafyrirtækja.
- d. 60. gr., en þar er veitt heimild til miðlunar trúnaðarupplýsinga um viðskiptamann fjármálastofnunar veiti hann til þess samþykki sitt sem fullnægir kröfum ákvæðisins.
- e. 2. mgr. 62. gr., en þar er kveðið á um að í sparisjóði skuli færð skrá yfir stofnfjáreigendur sem þeir allir eigi aðgang að.
- f. 92. gr., en þar er endurskoðandi fjármálastofnunar við vissar aðstæður undanþeginn þagnarskyldu samkvæmt 58. gr. frumvarpsins og ákvæðum annarra laga.
- g. 2. mgr. 102. gr., en þar er kveðið á um að Fjármálaeftirlitið geti krafist hvers konar gagna og upplýsinga frá einstaklingum sem eiga eða hyggjast eignast eða fara með eignarhlut í fjármálafyrirtæki í því skyni að meta hvort þeir falli undir tilkynningarskyldu samkvæmt VI. kafla frumvarpsins og hvort þeir teljist hæfir til að fara með virkan eignarhlut.
- h. 4. tölul. 1. mgr. 106. gr., en þar er kveðið á um refsingu við brotum á þagnarskyldu.

Persónuvernd sér ekki tilefni til að gera athugasemdir við einstök ákvæði frumvarpsins. Hins vegar minnir stofnunin á að öll meðferð persónuupplýsinga innan fjármálastofnana verður að samrýmast lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Verður þá meðal annars að vera fullnægt:

- a. Reglum 7. gr. um gæði gagna og vinnslu.
- b. Reglum 8. og 9. gr. um hvenær heimilt er að vinna með persónuupplýsingar.

- c. Reglum 11. gr. um öryggi persónuupplýsinga, en í 11. gr. segir meðal annars að ábyrgðaraðili að vinnslu persónuupplýsinga skuli skrá með hvaða hætti hann mótar öryggisstefnu, gerir áhættumat og ákveður öryggisráðstafanir.
- d. Reglum 12. gr. um innra eftirlit sem ábyrgðaraðili verður að viðhafa til að ganga úr skugga um að unnið sé í samræmi við gildandi lög og reglur og þær öryggisráðstafanir sem ákveðnar hafa verið.
- e. Reglum 13. gr. um hvernig samskiptum ábyrgðaraðila við vinnsluaðila skuli vera háttáð, en í 13. gr. segir meðal annars að ábyrgðaraðili skuli gera við vinnsluaðila sérstakan samning þar sem meðal annars skuli kveðið á um að vinnsluaðila sé einungis heimilt að starfa í samræmi við fyrirmæli ábyrgðaraðila og að ákvæði laga nr. 77/2000 um skyldur ábyrgðaraðila gildi einnig um þá vinnslu sem vinnsluaðili annast.

Virðingarfyllt



Þórdur Sveinsson
lögfræðingur